

Lokaskýrsla til Sprotajóðs

2010-2011

Sameinuð stöndum við

Þróunarverkefni Varmárskóla í Mosfellsbæ um tengingu foreldra við skólastarfið í gegnum heimilisfræði á óhefðbundinn hátt.

Varmárskóli, Mosfellsbæ



Fyrir hönd Varmárskóla Mosfellsbæ

Guðrún Sigurðardóttir verkefnisstjóri

Efnisyfirlit

Markmið verkefnisins:	2
Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði verkefnisins	2
Frávik miðað við áætlun verkefnisins	3
Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið	4
Mat á verkefninu samkvæmt umsókn	4
Kynning á verkefninu	5
Niðurstöður verkefnisins	5
Fylgiskjöl	6
Fylgiskjal 1	7
Fylgiskjal 2	8

Markmið verkefnisins:

- Gefa foreldrum kost á að kynnast skólafarfinu í gegnum verkgrein, í þessu tilviki heimilisfræðikennslu á óhefðbundinn hátt.
- Þróa heimilisfræðikennslu í takt við nýtt samfélag í upplýsingatækni þannig að nemendur og foreldrar hafi aðgang að efni verkefnisins á vísun stað í forni heimasíðu.
- Kenna nemendum að meta þau gildi sem áður voru í hávegum höfð s.s. gestrisni, virðingu og kurteisi.
- Að fræða nemendur um mismunandi matarhefðir í löndunum næst okkur.
- Að æfa nemendur í að halda boð sem er þeim sjálfum, skólanum og foreldrum til sóma.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði verkefnisins

Verkefnið var unnið með nemendum 6.bekkja. Það var byggt upp af fimm megin þáttum.

1. Vefurinn „Sameinuð stöndum við“

Hannaður var sérstakur vefur til að halda utanum verkefnið.

<http://www.internet.is/sameinud/default.html>

Með því er nemendum og fjölskyldum þeirra gert aðgengilegt efni verkefnisins í máli og myndum.

Vefurinn er tengdur heimasíðu Varmárskóla.

2. **Norðurlandaverkefni**, samþætting við námsgreinar í samfélagsfræði, íslensku og listgreinum (dans, tónlist, myndmennt og heimilisfræði). Nemendur fræddust í heimilisfræðitímum um fjölbreyttar matarhefðir Norðurlandanna, bjuggu til fjölda rétta sem eiga sér rætur í matarmenningu þeirra og undirbjuggu undir leiðsögn kennara sinna yfirgripsmikið kynningarkvöld um Norðurlöndin fyrir aðstandendur sína.

Þar kynntu þau og buðu uppá afrakstur vinnunnar. Þau bjuggu meðal annars til í upplýsingatækni glærुकynningar,

- bjuggu til fjölbreytt upplýsingaspjöld um hvert land,
- æfðu og sýndu tónlistar- og dansatriði ættuð frá Norðurlöndunum. Undir leiðsögn myndmenntakennara fræddust þau um og unnu verkefni um norska listamanninn Edvard Munch.

- Danskennari æfði með nemendum færeyskan dans, sem þau fengu alla viðstadda að taka þátt í.
- Tónmenntakennarinn æfði vel þekkt danskt lag sem þau sungu af mikilli innlifun.

Kennararnir unnu þétt saman að skipulagningu og undirbúningi verkefnisins. Sjá nánar á <http://www.internet.is/sameinud/default.html>

3. **Jóla-eða páskaboð**

Nemendur undirbjuggu hátíðaboð undir leiðsögn heimilisfræðikennara og buðu til sín starfsfólki og aðstandendum. Lögð var áhersla á að þau temdu sér fagleg vinnubrögð, **kurteisi, virðingu og gestrisni**. Þau voru æfð í gestgjafahlutverkum eins og **að heilsa og kveðja** með virðingu, bjuggu til hollar þjóðlegar veitingar, kynntu þær, undirbjuggu samræður við borðhald og voru æfð í þeirri list að láta gestum finnast að þeir væru velkomnir. Í upplýsingatæknitímum hönnuðu þau bjuggu til viðeigandi boðskort og borðskort. Sjá nánar á <http://www.internet.is/sameinud/default.html>

4. **Uppskeruhátíðir**

Nemendur unnu að verkefninu undir leiðsögn heimilisfræðikennara. Lögð var áhersla á að þau temdu sér fagleg vinnubrögð, jákvæðni og kurteisi. Þau öðluðust enn frekari æfingu í að bera ábyrgð á að taka á móti gestum með virðingu og gestrisni að leiðarljósi. Þau undirbjuggu hollar veitingar og kynntu þær, undirbjuggu samræður við borðhald og æfðust enn betur í þeirri list að gestum finndist að þeir væru velkomnir. Verkefninu hjá hverjum hópi lauk með því að þau buðu aðstandendum sínum til uppskeruhátíðar þar sem þau voru gestgjafarnir og sýndu þá færni sem þjálfuð hafði verið í verkefninu. Sjá nánar á <http://www.internet.is/sameinud/default.html>

5. **Fræðslufyrirlestur**

Berþór Pálsson lífskúntner kom á vegum verkefnisins í skólann og fræddi nemendur og foreldra um m.a. mannleg samskipti, kurteisi og borðsiði. Kvöldið var mjög skemmtilegt. Því lauk með sameiginlegri máltíð þar sem allir komu með góðgæti til að leggja á sameiginlegt borð.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Vinnan við þetta verkefni var öll samkvæmt fyrirfram ákveðinni áætlun sem stóðst algerlega og engar sérstakar hindranir risu á meðan á verkefninu stóð.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið

Við teljum að þróunarverkefnið „Sameinum stöndum við“ hafi verið afar verðmætt þátttakendum við að skilja mikilvægi þess að standa vörð um gamlar góðar íslenskar hefðir eins og gestrisni, kurteisi og virðingu fyrir samferðafólki, fjölskyldu og vinum.

Verkefnið hefur markvisst stuðlað að því að tengja foreldra inn í skólastarfið á jákvæðan hátt í gegnum verkgreinina heimilisfræði. Samstarf heimilis og skóla speglaðist mjög í þessu verkefni.

Á ólgu tímum í þjóðfélaginu var afar mikilvægt að fá tækifæri til að ýta undir jákvæðar samverustundir foreldra, nemenda og starfsfólks innan veggja skólans, samhliða því að fræða þátttakendur um holla og jákvæða lífshætti.

Verkefnið stuðlaði að því að þjálfar nemendur í að verða fullgildir þátttakendur í þjóðfélaginu, þar sem þau báru ábyrgð og skyldur og sérstök áhersla var lögð á að örva sjálfsmynd og sköpunargáfu þeirra.

Til að ná fram þessum markmiðum voru nemendur þjálfaðir í að skipuleggja veislur þar sem þau voru gestgjafar og fullorðnir aðilar gestirnir.

Þeir voru ábyrgir fyrir því að halda uppi samræðum og taka þátt í ánægjulegum samskiptum við borðhald.

Með þessari þjálfun nemendanna teljum við að reynsla þeirra stuðli að jákvæðari og virkari þátttöku í fjölskyldulífi þeirra sem á umbrotatímum í þjóðfélaginu er mikilvægt að standa vörð um.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Verkefnið hefur vissulega haft áhrif á skólastarfið hjá nemendum í 6. bekk.

Samþættingin milli námsgreina mun halda áfram og jafnvel aukast eftir þetta.

Einnig hefur verkefnið brotið niður múra á milli heimila og skóla.

Það má hugsa sér að verkefnið ýti undir hvern kennara að sjá hversu mikilvægur hlekkur viðkomandi er í skólasamfélaginu og efla frumkvæði til að taka þátt í skólaþróun eins og hér er gert í þessu verkefni, því sameinuð stöndum við.

Reglulegir matsfundir voru haldnir með kennurum í 6. bekk um framvindu verkefnisins. Einnig var leitað til áhugasamra foreldra til að gefa endurgjöf á ákveðin verkefni. Einnig var þátttaka foreldra metin en þess má geta að um 80-90% foreldra sáu sér fært að taka þátt í einstökum þáttum verkefnisins.

Einnig var send út könnun á rafrænu formi til foreldra nemenda í 6. bekk þar sem spurðar voru sex spurningar um viðhorf foreldra til verkefnisins (sjá **fylgiskjal 1**).

Svaranir voru 41 foreldri - en nemendur í árganginum voru um 62. Svarhlutfall var því 66%.

Við fyrsta lið könnunarinnar; sástu þér fært að koma á uppskeruhátíð hjá barninu þínu í skólann svöruðu 87,5% játandi en 15% neitandi. Uppskeruhátíði fór fram á skólatíma.

Við annan lið könnunarinnar þar sem spurt var: Hvert er viðhorf þitt til uppskeruhátíðarinnar, finnst þér það verkefni ætti að halda áfram? Svöruðu 100% já.

Við þriðja lið könnunarinnar þar sem spurt var; Sástu þér fært að koma á sýningu um Norðurlandaverkefnið, svöruðu 78% játandi en en 22%. Sýningin fór fram að kveldi til.

Við fjórða lið könnunarinnar var spurt: Telur þú að Norðurlandaverkefnið hafi skilað jákvæðum viðhorfum til skólans (samstarf heimila og skóla)? Þar svöruðu 100% já.

Við fimmta lið könnunarinnar var spurt: Finnst þér að skólinn eigi að bjóða uppá fræðsluerindi í svipuðum dúr fyrir nemendur og foreldra, og Bergþór Pálsson var með (Borðsiðir, mannleg samskipti og kurteisi)? Þeir sem svöruðu þessar spurningu játandi voru 97,6% en nei sögðu 2,4%

Við sjötta lið könnunarinnar gafst fólki tækifæri á að koma á framfæri athugasemdum og gerðu það um 22 einstaklingar. Þar voru athugasemdir allar á þann veg að fólk var gríðarlega ánægt með verkefnið (sjá **fylgiskjal 2**).

Kynning á verkefninu

Í skólabyrjun var öllum foreldrum í 6.bekk sendur tölvupóstur þar sem foreldrum var gert grein fyrir verkefninu og þeirra börn væru þátttakendur í því.

Á skólaárinu voru haldnar 5 uppskeruhátíðir með mismunandi nemendahópum í 6.bekk og þá um leið ólíkum foreldrum. Á uppskeruhátíðum var verkefnið alltaf kynnt til foreldra.

Norðurlandaverkefnið var haldið þrisvar sinnum með hvorum bekk fyrir sig og þar var foreldrum sent bréf þar sem þeim var kynnt verkefnið. Einnig var haldin sýning að kvöldi til fyrir foreldra.

Heimasíða skólans var einnig vettvangur þar sem fréttir voru skrifaðar og myndir birtar. Einnig var send grein í bæjarblaðið Mosfelling um verkefnið.

Niðurstöður verkefnisins

Ég tel að markmiðin hafi náðst samkvæmt umsókn, eins og fram hefur komið í þessari skýrslu. Við munum vinna að þessu verkefni áfram með nemendum í 6. bekk Varmárskóla, en verkefnið er bundið við okkar skóla.

Heimasíða verkefnisins „Sameinuð stöndum við“ er mikið notuð, þar eru allar uppskriftir sem notaðar eru í verkefninu.

Í samtölum við nemendur og foreldra hefur tvímælalaust komið fram mikil ánægja með framkvæmd verkefnisins.

Fylgiskjöl

Sameinuð stöndum við

Kæru foreldrar/ forráðamenn

Í vetur hafa nemendur 6.bekkja tekið þátt í þróunarverkefninu "Sameinuð stöndum við" (<http://www.internet.is/sameinud/umverkefnid.html>) tengt heimilisfræði. Með þessari könnun langar okkur í Varmárskóla að kanna viðhorf ykkar foreldra til verkefnisins.

Þema verkefnisins er að þjálfra með nemendum mikilvæg gömul gildi eins og virðingu, kurteisi og gestrisni og gefa foreldrum nemenda kost á að kynnast skólstarfinu betur gegnum verkgrein, í þessu tilfelli heimilisfræði. Mikilvægt er að standa vörð um háttvísi og góðar íslenskar hefðir og fjölga ánægjulegum samverustundum fjölskyldu og vina.

Í verkefninu felast eftirtaldir fjórir meginþættir sem nánar verður fjallað um hér á vefnum Sameinuð stöndum við.

Uppskeruhátíðir
Jóla-eða páskaboð
Norðurlandaverkefni
Heimilisfræðikennsla á tímum upplýsingatækni

Einnig var fræðsluerindi með Bergþóri Pálssyni tengt verkefninu. Ykkar þátttaka hefur falist í að vera gestkomandi í uppskeruhátíðum og Norðurlandaverkefni og heimsókn Bergþórs.

Guðrún Sigurðardóttir heimilisfræðikennari óskar eftir því að þið takið ykkur smá tíma til að svara nokkrum spurningum um verkefnið.

1. Sástu þér fært að koma á uppskeruhátíð hjá barninu þínu í skólann?

- Sástu þér fært að koma á uppskeruhátíð hjá barninu þínu í skólann? Já
- Nei

Annað (hvað?)

2. Hvert er viðhorf þitt til uppskeruhátíðarinnar, finnst þér það verkefni ætti að halda áfram?

- Hvert er viðhorf þitt til uppskeruhátíðarinnar, finnst þér það verkefni ætti að halda áfram? Jákvætt

- Neikvætt
Annað (hvað?)

3. Sástu þér fært að koma á sýningu um Norðurlandaverkefnið?

- Sástu þér fært að koma á sýningu um Norðurlandaverkefnið? Já

- Nei

Annað (hvað?)

4. Telur þú að Norðurlandaverkefnið hafi skilað jákvæðum viðhorfum til skólans (samstarf heimila og skóla?)

- Telur þú að Norðurlandaverkefnið hafi skilað jákvæðum viðhorfum til skólans (samstarf heimila og skóla?) Já

- Nei

Annað (hvað?)

5. Finnst þér að skólinn eigi að bjóða uppá fræðsluerindi í svipuðum dúr, fyrir nemendur og foreldra, og Bergþór Pálsson var með (Borðsiðir, mannleg samskipti og kurteisi)?

- Finnst þér að skólinn eigi að bjóða uppá fræðsluerindi í svipuðum dúr, fyrir nemendur og foreldra, og Bergþór Pálsson var með (Borðsiðir, mannleg samskipti og kurteisi)? Já

- Nei

Annað (hvað?)

6. Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri um verkefnið?

Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri um verkefnið?

Fylgiskjal 2

Þó maður eigi ekki alltaf heimangengt þá eru þetta góð verkefni. Mig langar að koma þeirri ábendingu á framfæri að margir eiga erfitt með að komast frá vinnu með góðu móti, það mætti hafa það í huga að hafa hátíðir líka seinniparta svo maður geti mætt með sínu barni.

flott starf happy cooking

Virkilega gaman að sjá og fá að upplifa það sem börnin höfðu verið að gera hjá Guðrúnu, hún á hrós skilið!

Guðrún þú er snillingur með nemendur og þetta er rosalega flott hjá þér. Nemendur eru að læra svo marga, alla vega er þetta að skila sér heim hjá minni dóttur hún brýtur saman servettur fyrir matarboð og svona.

Alveg frábært verkefni og mjög þarft. Eins og t.d. fyrirlesturinn um borðsiðina, vekur börnin til umhugsunar.

Þetta er mjög skemmtilegt og gefandi fyrir börnin okkar og okkur foreldrana líka. Verðum svo stolt af þeim fyrir framistöðu sína

Algjörlega framúrskarandi verkefni og allur undirbúningur og utanumhald til fyrirmyndar. Verkefnið, undirbúningur og upplifun veitti bæði nemendum og foreldrum ómælda ánægju og það var dásamlegt að sjá stolta börn sem gestgjafa og ekki minna stolta foreldra sem gesti í öllum þessum boðum! Sameinuð stöndum við!!! Hjartans þakkir fyrir óeigingjarnt starf Guðrún (veit að það liggja margar klukkustundir að baki þessu). Vegni þér ávallt sem best!

Ég er mjög ánægð með að þetta verkefni sé í gangi og vona að þessir þættir verði að föstum hluta í heimilisfræðikennslu. Takk fyrir

Frábært verkefni og mjög netnaðarfullt. Ég held að það sé leitun að því að svona mikið sé gert tengt heimilisfræði í öðrum skólum. Þetta er akkúrat það sem krakkarnir þurfa. Staldrá aðeins við, skoða nýjar og gamlar hefðir, kurteisi og fleira. Frábært framtak.

Hvað heimilisfræðikennarinn (man ekki hvað hún heitir) er frábær !!! Hún á MIKIÐ hrós skilið ! Og það er algerlega nauðsynlegt að kenna krökkunum kurteisi og fleira sem hún lagði áherslu á í vetur því þetta eru mikilvæg gildi sem eru þess verð að halda uppi en vill oft gleymast heima ;) Þúsund þakkir fyrir dóttur mína í vetur :)

Vil bara þakka kærlega fyrir mig á uppskeruhátíðinni núna í Vor, þetta var alveg frábært og greinilega að þarna er unnið frábært starf og á Guðrún hrós skilið.

Þetta var mjög jákvætt :-)

Gott starf unnið hjá þér Guðrún.

Algjörlega frábært framtak og skólanum til framdráttar. Heimilisfræði var algjört uppáhaldsfag hjá mínu barni og skilaði sér vel sú fræðsla sem lagt var upp með varðandi mannleg samskipti, kurteisi og borðsiði. 1000þakkir

Ég vil bara þakka Guðrúnu kærlega fyrir hennar störf, þetta hefur verið alveg frábært.

Frábært verkefni og frábær kennari eigum tvö börn sem hafa farið í gegnum þetta hjá þér og eiga þau eftir að búa að þessu alla ævi. Takk kærlega fyrir !!!

Frábært framtak!

Frábært að fá að koma á uppskeruhátíðina og sjá glæsilega krakka kynna sig og verkefni sín og fá að smakka á öllu því sem þau hafa verið að gera. Ekki spurning að halda þessu áfram enda styrkir þetta samband milli heimils og skóla á jákvæðan hátt.

Frábært framtak á allan hátt

finnst þetta verkefni algjör snilld, kemur á umræðu hjá krökkunum um ýmsa síði, sem þau hugsa ekki um daglega.